

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata

Tillaga:

Lagt er til að settur verði á fót spretthópur starfsmanna menningar og íþróttasviðs sem hafi samráð við fulltrúa sundlaugagesta varðandi fyrirkomulag gufubaðsþjónustu í sundlaugum Reykjavíkurborgar. Samráð verði t.d. í formi funda með fulltrúum gesta og framkvæmd viðhorfskönnunar meðal sundlaugagesta. Starfhópurinn skili niðurstöðum með tillögu að útfærslu á fyrirkomulagi gufubaðsþjónustunnar til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs eigi síðar en 21. febrúar 2025.

Greinargerð

Mjög mismunandi framboð er á gufubaðsþjónustu í sundlaugum Reykjavíkur, bæði með tilliti til tegunda en einnig hvað varðar aðgengi eftir kynjum – eins og sjá má á þessari yfirlitsmynd:

Tegund	Eimbað	Sána			Infra rauð			# þjónusta
	Öll kyn	Öll kyn	KK	KVK	Öll kyn	KK	KVK	
Árbæjarlaug	x					x	x	2
Breiðholtslaug	x		x	x				2
Dalslaug	x							1
Grafarvogslaug	x	x			x			3
Klébergslaug		x						1
Laugardalslaug	x							1
Sundhöllin	x	x						2
Vesturbæjarlaug	x	x						2

Nýliðið sumar voru gerðar breytingar á umgengnisreglum og sturtusvæði í Breiðholtslaug eftir opnun á endurnýjuðum þurrugufuböðum þar. Ábendingar sem bárust frá viðskiptavinum í kjölfarið sýndu fram á að ekki liggur fyrir formleg stefna um fyrirkomulag gufubaðsþjónustu né eru samræmdar umgengnisreglur. Nefnt hefur verið að fyrirkomulagið virðist á köflum tilviljanakennt og eru gufuboð í Grafarvogslaug dæmi um það þar sem þau voru sett upp í gegnum „Betra hverfi“ og að því er virði án samráðs við Menningar- og Íþróttasvið (eða ÍTR). Þarfir íbúa sem endurspeglast í tillögum um „Betra hverfi“ hafa einnig sýnt fram á stórukna eftirspurn eftir infra-rauðum gufum.

Nýlega þurfti að loka þurrsánu karla í Vesturbæjarlaug þar sem fyrirhugað er nauðsynlegt viðhald á elsta hluta laugarinnar. Vegna þessa var þurrugufu kvenna breytt í þurrugufu fyrir öll kyn. Þá hófst umræða meðal gesta um að í framtíðinni yrði mögulega ekki boðið áfram upp á sérstaka karla og kvenna þurrugufur. Ábendingar sem bárust frá viðskiptavinum í kjölfarið sýndu fram á að það þarf líka að líta til sjónamiða varðandi aðgengi fyrir kynin.

Eftir umfjöllun á MÍR var ákveðið að gera sérstaka viðhorfskönnun meðal gesta lauganna um gufuböð til að við gætum betur greint þarfir viðskiptavina og þá nýtt okkur í stefnumörkun á þessari þjónustu. Niðurstöður hennar munu liggja fyrir í lok desember og því þarf að vinna úr þeirri könnun og móta sýn fyrir gufubaðsþjónustu sundlauganna sem tekur m.a. til mismunandi tegunda, framboðs, kynjaskiptingu, aðgengi fatlaðra og fleira.

Með tillögunni er lagt til að myndaður verði spretthópur starfsmanna sviðsins sem eigi samráð við notendur sundlauganna um fyrirkomulag þjónustunnar, þarfir notenda og óskir, vinni með niðurstöður könnunarinnar og móti í framhaldi tillögur um tilhögun þjónustunnar sem skilað verði eigi síðar en 21. febrúar 2025. Ráðið taki þær tillögur síðan til meðhöndlunar og afgreiðslu í kjölfarið.